

Mál nr. 425/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Notkunarhugtakið. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 20. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 13. janúar 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 16. janúar 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni þann 23. febrúar 2022 er hann datt úr stiga við að fara upp á tankbíl við störf sín. Var hann á leið upp á tankbílinn til þess að opna tankinn að ofanverðu, sem er nauðsynlegur undanfari þess að hægt sé að tæma tankinn á bílnum. Bæði tankurinn og bíllinn eru tryggð hefðbundinni ábyrgðartryggingu ökutækis hjá V. M krafðist þess því að viðurkennd yrði bótaskylda úr ábyrgðartryggingu ökutækis vegna málsins. V hafnaði viðurkenningu á bótaskyldu og telur málið falla undir slysatryggingu launþega þar sem V taldi ekki að atvikið yrði rakið til notkunar ökutækisins. M vísar til þess að tjón sem orsakast beinlínis af tækjum er heyra til eðlilegs útbúnaðar til að ferma og afferma flutningabifreiðar á venjulegan hátt verða almennt talin hafa orðið við notkun ökutækis í skilningi laga nr. 30/2019. Stiginn sem M féll úr er eðlilegur og nauðsynlegur búnaður tankbílsins og nauðsynlegt er að fara upp stigann við venjubundin not tankbílsins sem slíks. Öðruvísi er ekki unnt að opna tankinn að ofanverðu, sem er nauðsynlegur undanfari þess að hægt sé að tæma tankinn á bílnum. Vísar M til dóms Hæstaréttar í máli nr. 150/2006.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A. Afstaða félagsins byggir á því að slys M falli utan gildissviðs lögboðinnar ábyrgðartryggingar ökutækisins A. Til þess að slys verði fellt undir gildissvið 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar þarf slys að verða rakið til notkunar ökutækisins í skilningi lagaákvæðisins. Að mati V eru ekki orsakatengsl milli notkunar bifreiðarinnar og slyss M. Þegar metið er hvort um notkun sé að ræða verður að horfa til þess að lagaleg skilgreining á hugtakinu notkun ökutækis er þrengri en almenn orðskýring gefur til kynna. Vísar V til dómaframkvæmdar um 1. mgr. 88. gr. eldri umferðarlaga nr. 50/1987 máli sínu til stuðnings. Meginreglan sé sú að kyrrstætt vélknúið ökutæki telst ekki í notkun í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar. Vísar V til ýmissa dóma máli sínu til stuðnings og mótmælir jafnframt að dómur Hæstaréttar í máli nr. 150/2006 hafi fordæmisgildi um þennan ágreining.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar M að líkt og í máli því sem fjallað var um í dómi Hæstaréttar í máli nr. 150/2006 hafi M slasast við venjubundin not tankbílsins sem slíks. Stiginn sem M féll úr er eðlilegur og nauðsynlegur búnaður tankbílsins og nauðsynlegt er að fara upp stigann við venjubundin not tankbílsins sem slíks. Öðruvísi sé ekki unnt að opna tankinn að ofanverðu, sem er nauðsynlegur undanfari þess að hægt sé að tæma tankinn. M telur því yfir allan vafa hafið að tjón hans beri að bæta úr ábyrgðartryggingu tankbílsins.

Álit.

Af gögnum málsins er óljóst hvort M hafi haft þau tengsl við ökutækið A að hann hafi verið ökumaður þess í aðdraganda tjónsatviksins en í málskoti er gerð krafa um viðurkenningu á bótarétti M úr ábyrgðartryggingu ökutækis. Í svarbréfi V er einnig byggt á því að gerð hafi verið krafa í þá tryggingu en ekki slysatryggingu ökumanns og eiganda og verður því álit nefndarinnar byggt á því. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 skal eigandi ökutækis bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla í ökutækinu eða ógætni ökumanns. Um er að ræða hlutlæga ábyrgðarreglu þ.e. ábyrgð án sakar og gerir reglan ráð fyrir því að orsakatengsl þurfi að vera til staðar milli tjóns sem ökutæki veldur og notkunar þess. Almennar sönnunarreglur skaðabótaréttar setja slíka sönnunarbyrði á herðar tjónþola, í þessu tilviki M.

Óumdeilt er að M slasaðist er hann datt úr stiga við það að fara upp á kyrrstæðan tankbíl. Ekkert bendir til þess að slysið hafi orsakast af hreyfingu ökutækisins eða að það hafi á annan hátt verið í notkun í

skilningi 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar. Þannig bendir ekkert til þess að slysið hafi orðið vegna sérstaks búnaðar ökutækisins eða hættueiginleika þess. Verður samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af dómaframkvæmd ekki talið að tjón M verði rakið til notkunar ökutækis í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V

Reykjavík, 14. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir